

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2008

Frjómælingar hófust 5. maí og stóðu út september eða í 148 daga. Mælingar gengu nær hnökralaust fyrir sig. Það gleymdist að skipta um hjól 14. júlí þannig að frjótölur 7. júlí og 15. júlí eru áætlaðar með hliðsjón af veðri. Á þessum tíma voru frjótölur enn lágar og skekkjan því væntanlega lítil.

Heildarfjöldi frjókorna varð 2194 í rúmmetra lofti sem er 22% undir meðallagi árána 1998–2007. Eins og áður voru grasfrjó algengust. Það vantaði ekki mikið upp á að birkifrjó hefðu vinninginn, en birkifrjó reyndust 741 og voru yfir meðallagi, en frjókorn af grasætt voru 839. Asparfrjó mældust undir meðallagi (83) sem og fjöldi súrufrjóa (28) sem hafa aldrei áður verið jafnfá. Öll önnur frjókorn og gró, alls 24 mismunandi gerðir, reyndust 503, sem er svipað og í meðalári. Í töflunni hér fyrir neðan eru allar frjó- og grógerðir tíundaðar. Þeim er raðað eftir fjölda í hverjum hóp.

Tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2008, raðað eftir magni.

| Frjó- eða grógerð | Latneskt heiti | Fjöldi frjókorna í m ³ lofti |
|-------------------|--------------------------|---|
| Gras | Poaceae | 839 |
| Birki | <i>Betula</i> | 741 |
| Rósaætt | Rosaceae | 111 |
| Ósp | <i>Populus</i> | 83 |
| Víðir | <i>Salix</i> | 57 |
| Stör | <i>Carex</i> | 52 |
| Lyng | Ericales | 47 |
| Fura/greni | <i>Pinus / Picea</i> | 37 |
| Netla | <i>Urtica</i> | 34 |
| Túnsúra o.fl. | <i>Rumex</i> | 28 |
| Elfting | <i>Equisetum</i> | 26 |
| Sveipjurtaætt | Umbelliferae | 24 |
| Brjóstgras | <i>Thalictrum</i> | 14 |
| Yllir | <i>Sambucus</i> | 13 |
| Maðra | <i>Galium</i> | 6 |
| Mjaðjurt | <i>Filipendula</i> | 5 |
| Einir | <i>Juniperus</i> | 4 |
| Fifill | Compositae Cichorioideae | 4 |
| Hjartagrasætt | Caryophyllaceae | 3 |
| Sefætt | Juncaceae | 3 |
| Barnamosi | <i>Sphagnum</i> | 2 |
| Körfulóm | <i>Achillea</i> | 2 |
| Lúpína o.fl. | Leguminosae | 2 |
| Burkni | Filicales | 1 |
| Kattartunga o.fl. | <i>Plantago</i> | 1 |
| Sóley | <i>Ranunculus</i> | 1 |
| Tungljurt | <i>Botrychium</i> | 1 |
| Óþekkt /ógreind | <i>incognito</i> | 53 |

Þegar mælingar hófust þann 5. maí voru frjó af víði og eini komin í loftið. Fyrsta asparfrjó mældist 16. maí. Asparfrjó náðu hámarki rúmri viku síðar þegar frjótalan komst í 23. Frjótími aspar stóð yfir í tvær vikur og á þeim tíma mældust 83 frjókorn.


Fyrsta birkifrjó kom í gildruna þremur dögum eftir að aspartíminn byrjaði eða 19. maí en samfelld mældust þau ekki fyrr en frá 23. maí og allt til 8. júní en stopult eftir það fram í júlí. Þannig varð samfelldur tími birkifrjóa í lofti 17 dagar en samkvæmt þrengstu skilgreiningu á frjótíma var hann 11 dagar eða frá 25. maí til 4. júní. Frjótalan fór hæst í 252 þann 26. maí. Heildarfjöldinn varð 741 sem er vel yfir meðalfjölda árána 1998–2007 og ríflega helmingur þess sem mældist þegar mest var vorið 2005.

Grasfrjó mældist fyrst 1. júní, en frá 10. júní komu þau nokkuð sleitulaust fyrir fram til 26. ágúst (eða í 78 daga). Samkvæmt þrengstu skilgreiningu á frjótíma stóð grastíminn yfir frá 4. júlí til 18. ágúst eða í 46

daga. Frjótalan komst hæst í 66, þann 31. júlí. Þannig fór frjótala grasa aldrei yfir 100 í sumar. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 839. Grasfrjó hafa aðeins einu sinni mælst færri en það var 2001. Júlí reyndist aðalgrasmanúðurinn með 457 grasfrjó, í júní mældust þau 132, í ágúst 309, í september 27 en ekkert mældist í maí eins og áður er komið fram. Í júní og september fór frjótala grasa aldrei yfir 10.

Súrufrjó sást fyrst 20. júní. Þau komu fyrir að venju með hléum út júlí, í ágúst mældust aðeins 4 súrufrjó. Heildarfjöldinn varð 28 og frjótalan varð hæst 2, þann 24. júlí. Sjö aðrir frjókornahópar: rósaætt, víði-, starar-, lyng-, furu/greni- og netlufurfrjó, voru algengari en súrufrjóin í frjófallinu á Akureyri í sumar (sjá töflu). Þeir haga sér á líkan hátt, koma ósamfelld fyrir og frjótölur fara sjaldan yfir 10.

Heildarfrjómagn og skipting í helstu frjógerðir 1998-2008



Þegar á heildina er litið þá reyndist maí frjóríkasti mánuður sumarsins með 771 frjó í rúmmetra lofts. Næstur í fjölda var júlí með 646. Júní og ágúst voru áþekkir með 359 og 366 frjókorn. Það hefur ekki gerst áður að jafnmörg frjókorn hafi mælst í maí, en í ár blómguðust bæði ösp og birki í maí og hámark beggja tegunda féll í þeim mánuði auk þess sem hámark birkisins var óvenju snarpt og hátt. Júní, júlí, ágúst og september voru allir með frjókorn undir meðallagi árána 1998–2007 og ágúst hefur ekki reynst jafnrýr síðan 2001. September var sá rýrasti á mælitímabilinu með 52 frjókorn. Sumarið 2008 skipar sér í hóp fimm sumra með heildarfrjómagn um eða undir 2200 (sjá súlurit hér fyrir ofan).

Að jafnaði fóru 14,8 frjókorn um hvern rúmmetra andrúmslofts á sólarhring þetta sumar. Flest voru þau 26. maí, 268, en þann dag voru birkifrjó í hámarki. Frjókorn voru í lofti alla daga frá 11. maí og út ágústmánuð. Þrjú daga í maí, frá og með 5. maí, mældust engin frjókorn og í september voru frjókornalausir dagar ellefu. Alls reyndust því 14 dagar vera án frjókorna á mælitímabilinu 2008.

Samkvæmt veðurfarsyfirlitum Veðurstofunnar var meðalhiti í apríl undir meðallagi og í júní reyndist hann í meðallagi en aðra mánuði mælitímans var hiti vel yfir meðallagi. Þá voru apríl, ágúst og september þurrari en í meðalári, en í maí, júní og júlí var úrkoma lítið eitt yfir meðallagi. Fyrir frjódreifingu skiptir heildarúrkoman ekki meginmáli heldur dreifing úrkomunnar yfir sólarhringinn og það á hvaða formi hún er. Rigning að næturlagi hefur lítil áhrif á frjómagnið, einnig er mikill munur á því hvort vætan er á formi þoku og súldar eða skammærra demba. Á meðan gróðurinn helst blautur sleppa frjókornin ekki út í loftið. Það þarf að skoða nánar hvort þetta ásamt stillum gæti verið ástæða lágra frjótalna í annars góðu tíðarfari en hvort tveggja þarfnastritarlegri athugunar á veðurgögnum.

Margrét Hallsdóttir

